



DRÖG

Flúðasiglingar

Sértæk gæðaviðmið nr. 217

5. útgáfa 2022

Eftirfarandi gæðaviðmið eru fyllt út af fulltrúa fyrirtækisins. Nauðsynlegt er að gefa greinagóðar upplýsingar um það hvernig hvert og eitt viðmið, sem á við starfsemi fyrirtækisins, er uppfyllt t.d. með tilvísun í gæðahandbók, öryggisáætlanir, myndir eða önnur gögn. Í vettvangsheimsókn sannreynir úttektaraðili upplýsingarnar.

217-1	Öryggi	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
217-1.1	Til er ferðaáætlun fyrir hverja ferð (skrifleg lýsing) þar sem m.a. er fjallað um leiðir sem fara skal, tímaáætlun og fyrirkomulag ferðar.			
217-1.2	Til er gátlisti um öryggisbúnað í ferðum. Skýrt er hvað verður að vera í hverjum bát t.d.: a. Búnaður til að veita fyrstu hjálp (sjúkrakassi og teppi). b. Fjarskiptabúnaður. c. Leiðsögutæki. d. Björgunarbúnaður (kastlína o.fl.). e. Annað eftir aðstæðum í hverri ferð.			
217-1.3	Fyrirtækið upplýsir starfsfólk og viðskiptavinum um nauðsyn þess að vera í góðu líkamlegu ástandi og að neysla áfengis eða vímuefna geti komið í veg fyrir þátttöku í ferð.			
217-1.4	Til er skrifleg áætlun um viðhald, þrif og endurnýjun búnaðar. Í henni er m.a. fjallað um eftirfarandi: a. Reglulega skoðun og prófun búnaðar. b. Sótthreinsun og þrif á búnaði. c. Líftíma búnaðar m.t.t. aldurs og notkunar (sjá viðurkennd viðmið framleiðanda).			
217-1.5	Til eru skrifleg viðmið um fjölda viðskiptavina á leiðsögumann eftir því hvers konar aðstæður er í hverri ferð. Í vatnsföllum á 4. stigi eða ofar eru ekki fleiri viðskiptavinir á hvern leiðsögumann en átta.			
217-1.6	Lágmarksaldur til þátttöku í flúðasiglingum er tilgreindur í öryggisáætlunum fyrirtækisins. Heimild til þátttöku er staðfest af forráðamanni ef viðskiptavinur er undir lögaldri.			

217-1.7	<p>Í undirbúningi fyrir hverja ferð fara leiðsögumenn yfir gátlista þar sem fram koma atriði varðandi m. a.:</p> <ul style="list-style-type: none"> a. Ferðaáætlun og leiðir sem fara skal. b. Veðurspá. c. Búnað. d. Upplýsingar um viðskiptavinum. e. Að viðbragðsáætlanir séu ávallt með/aðgengilegar í ferðum 			
217-1.8	Viðskiptavinir hafa aðgang að upphitaðri aðstöðu til að klæðast viðeigandi búnaði.			
217-1.9	<p>Til er gátlisti fyrir leiðsögumenn/skipstjóra um þau öryggisatriði sem farið er yfir með viðskiptavinum fyrir ferð m.a. varðandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> a. Staðhætti og veðurskilyrði. b. Tímaáætlun. c. Öryggisráðstafanir. d. Viðeigandi skjólfatnað og búnað. e. Réttu notkun öryggisbúnaðar. f. Kennslu í öryggisatriðum. g. Næringu, drykkjarföng og aðgengi að vatni í/eftir ferð. 			
217-1.10	Til er skrá um hnitsetta staði (GPS punktar) þar sem hægt er að komast niður í gljúfur sem farið er um.			
217-1.11	Fyrirtækið heldur skrá um farþega og leiðsögumenn í hverri ferð.			
217-1.12	Geymsluhúsnæði er snyrtilegt og hentar til þurrkunar og geymslu á búnaði.			
217-1.13	Fyrirtækið hefur sett sér skriflegar viðmiðunarreglur um hvenær beri að aflýsa ferð vegna veðurs.			

217-2	Umhverfi	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
217-2.1	Ávallt eru notaðir merktir vegir eða viðurkenndir ökuslóðar. Þar sem þess er ekki kostur skal forðast að aka um svæði þar sem náttúrufar er viðkvæmt, sbr. gildandi lög um náttúruvernd.			
217-2.2	Viðskiptavinir eru fræddir um salernisúrræði þar sem hefðbundin aðstaða er ekki fyrir hendi.			
217-2.3	Allur úrgangur sem ekki eyðist í náttúrunni er fjarlægður.			
217-2.4	Í upphafi ferðar minnir leiðsögumaður viðskiptavini á ábyrga ferðahegðun.			
217-3	Menntun og þjálfun	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
217-3.1	Leiðsögumenn hafa sérhæfða menntun og reynslu á því sviði sem viðkomandi ferð snýst um.			
217-3.2	Fyrirtækið er með skýrar reglur um menntun og þjálfun leiðsögumanna fyrir leiðsögn í vatnsföllum á 1.- 4. stigi.			
217-3.3	Allir leiðsögumenn fá verklega þjálfun í þeim ám þar sem þeir annast leiðsögn. Til er skrifleg lýsing á því með hvaða hætti þetta er gert.			
217-3.4	Allir leiðsögumenn fá þjálfun í meðferð þeirra báta og búnaðar sem þeir hafa umsjón með.			
217-3.5	Leiðsögumenn hafa lokið námskeiðinu <i>Fyrsta hjálp 1</i> (20 klst.) hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegu skyndihjálparnámskeiði* frá viðurkenndum aðila og sækja upprifjunarnámskeið (4 klst.) á tveggja ára fresti.			
217-3.6	A.m.k. einn leiðsögumaður í hverri ferð um óbyggðir** hefur lokið námskeiðinu <i>Vettvangshjálp í óbyggðum</i> (WFR) hjá Slysavarnafélaginu			

	Landsbjörg eða sambærilegu námskeiði* hjá öðrum aðila og sækir upprifjunarnámskeið á þriggja ára fresti.			
217-3.7	A.m.k. einn leiðsögumaður í hverri ferð hefur lokið námskeiðinu <i>Straumvatnsbjörgun 2</i> (Er með gilt skírteini sem <i>Swiftwater Rescue Technician</i> frá viðurkenndum aðila t.d. Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða <i>Rescue 3 International</i>).			

**Ef leiðsögumaður hefur lokið námskeiði frá öðrum aðila þarf að skila skriflegum gögnum varðandi það til úttektaaðila. Gögnin þurfa m.a. að innihalda námskeiðslýsingu og upplýsingar um leiðbeinanda námskeiðsins. Úttektaaðili metur hvort að námskeið teljist sambærilegt.*

*** Óbyggðir eru staðir eða svæði þar sem tekur a.m.k. tvær klst. að fá utanaðkomandi bjargir.*